Bandaríkin: Landbúnaðarverkamenn verjast árásum

Arðrændir og kúgaðir allra landa - sameinist!

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

13.tbl. 5.árg. 3.júlí - 31.júlí 1979 — 2oo kr. — Sími 28962

Sumarfrí

Verkalýðsblaðið fer nú í sumarfrí. Það felst í því að sleppt verður einum útgáfudegi. Næsta blað kemur því ekki fyrr en 31.júlí. En það merkir ekki að við í ritnefnd ætlum að sitja alveg auðum höndum. Við ætlum að reyna að ræða leiðir til að bæta blaðið sem allra mest. Haldið því áfram að senda okkur gagnrýni og ábendingar! Skrifstofa blaðsins að Baldursgötu 7A verður einnig opin sem fyrr á mánudögum kl. 5-7 (dreifing) og þriðjudögum kl. 5-7 (ritnefnd).

RITNEFND.

Sumarbúðir

Þátttökutilkynningar skilist til sölumanna Verkalýðsblaðsins, eða á Baldursgötu 7A á viðtalstíma Verkalýðsblaðsins á þriðjudögum milli kl. 5 og 7.

Einnig má senda þær í pósthólf 5186 Reykjavík, merktar sumarbúðir Verkalýðsblaðsins. Sími sumarbúðarnefndar er 43804, þar **má fá allar nauðsynlegar upplýsingar.**

Mætum öll!

„Það er ekki hægt að skikka okkur til að vinna yfirvinnu“ **4-5**

Staldrað við – um bílamál Jóns Sigurðssonar **4**

Uppsagnir hjá Flugleiðum

Eru varnaraðgerðir sem ber skylda til að framkvæma

segir forstjóri Flugleiða

Einhverjar umfangsmestu uppsagnir, sem sögur fara af í íslenskri stéttabaráttu, standa nú fyrir dyrum. Flugleiðir h/f hafa sagt upp 16% af starfsliði sínu, um 200 manns.

Þessar aðgerðir fylgja í kjölfar harðnandi sam - keppni og vaxandi kreppu sem flugfélög víða um heim eru í. Sem endranær er fyrst ráðist á starfsfólkið og réttur þess til vinnu einskis metinn.

Allt bendir til að það verði ekki auðhlaupið að því fyrir starfsmenn Flugleiða að fá vinnu á nýjan leik. Í íslensku efnahagslífi er samdráttur á flestum sviðum og fá fyrirtæki bæta við sig starfsfólki nema tímabundið.- Örlög flests þessa fólks munu því verða að fylla vaxandi flokk atvinnuleysingja.

Flugleiðaforstjórinn kvartar yfir því, að innanlandsflugið sé rekið með tapi. Það er ekki að efa, enda sjálfsagt fundið með aðstoð reiknikúnsta, sem ekki eru aðgengilegar alþýðunni. En myndin sem íslenskt verkafólk hefur oft á tíðum af þessum málum er sú, að á meðan það þarf að kreista fram hverja einustu smáhækkun fá Flugleiðir sínar hækkanir með litlum eftirgangsmunum, og virðist sjaldan skorið við nögl.- Flugfargjöldin eru einnig það há, að fólk notar þessar ferðir sem minnst.

Flugleiðir eru eitt öflugasta fyrirtæki íslensks efnahagslífs og þangað

7

Jafnlaunastefna, launamismunur og orsakir hans

2

Olíuævintýri á Húsavík

Í júní mánuði miðjum var haldinn á Húsavík fundur samstarfsráðherra Norðurlanda.

Stærsta málið, sem var þar til umræðu var olíuleit og boranir og áætlanir Norðmanna um vinnslu olíu á hafsvæðinu út af N-Noregi.

Norska ríkisstjórnin hefur í mörg ár haft uppi áætlanir um olíuvinnslu norðan 62 breiddargráðu. Hingað til hefur andstaðan gegn þessum áætlunum vaxið ört um allan Noreg. Norska ríkisstjórnin hefur látið sem áætlanir um borun fyrir norðan séu stöðvaðar. Þeir sem eru andstæðingar borunnar, fyrst og fremst samtök náttúru- og umhverfisverndunarmanna og sjómenn í N-Noregi, segja slíka borun svo örugga að líkurnar á olíuleka séu miklar. Olíuleki í svo köldum sjó, stefni lífríkinu í sjónum í hættu.

Fundur samstarfsráðherranna á Húsavík gefur til kynna að stefna norsku ríkisstórnarinnar sé í engu breytt, hún ætlar sér út í ævintýrið, enda þótt það stefni lífi í sjónum og atvinnu þúsunda sjómanna og fisksverkafólks í hættu.

Við hér á Íslandi getum margt lært af því fólki í Noregi sem berst gegn olíu-

6



Bjóðum Víetnamana velkomna

VERKALÝÐS BLAÐIÐ

Bjóðum Víetnamana velkomna

Flóttamannavandamálið í Asíu er orðið hið mesta síðan í II. heimsstyrjöldinni. Stjórnvöld Víetnams, leppar sovésku heimsvaldasinnanna, bera höfuðábyrgð á ástandinu. Þjóðernislustefna þeirra í Asíu og fasískir stjórnarhættir innanlands eru ein alvarlegasta ógnunin við heimsfriðinn um þessar mundir. Víetnömsk stjórnvöld byrjuðu á því að ofsækja, hrekja úr landi, misþyrma og drepa landsmenn sína af kínverskum uppruna. Yfir eitt hundrað þúsund manns frá Víetnam fengu landvistarleyfi í Kína. En kynþáttaofsóknir stjórnvalda í Hanoi hafa orðið til þess að vekja upp og efla baráttu landsmanna almennt gegn kúgunarstjórninni. Andsvar hennar voru hertar ofsóknir gegn víetnamskri alþýðu. Fólk flýr ógnirnar í bátum á haf út, eða kaupir sig út úr landinu fyrir háar fjárhæðir. Peningana nota árásarseggirnir í Hanoi til að borga vopnasendingar frá Sovétríkjunum, meðan matarskortur er í landinu. Vopnin nota þeir til árása á kínversk landamærahéruð og til að halda uppi vonlausu landvinningarstríði sínu í Kampútseu.

Flóttamannamálið í Asíu teygir anga sína um allan heim, nú einnig til Íslands. Flóttamannahjálp Sameinuðu þjóðanna hefur beðið Ísland um að taka við hópi flóttafólks frá Víetnam. Ísl. stjórnvöldum ber hiklaust að standa við skuldbindingar og bjóða fólkið velkomið. Jafnframt fordæmum við ógnarverk böðlanna í Hanoi og bakhjarla þeirra, ráðamanna í Kreml. Þeir bera ábyrgð á því að alþýða Víetnams kýs fremur að leggja út í óvissu, og jafnvel opinn dauðann, fremur en lifa með byssustingi í bakið í eigin landi. Áður studdu EIK(m-l) þjóðfrelsisbaráttuna í Víetnam gegn Bandaríkjunum heilshugar. Leiðtogar Víetnam hafa svikið þann málstað og eiga allt annað en stuðning okkar skilinn. En alþýða Víetnam á hann eftir sem áður.

Þrjú prósentin og launastefna ASÍ-forystunnar

Í forsíðugrein Þjóðviljans vegna 3% kauphækkunar aðildarfélaga ASÍ segir svo: "Snorri Jónsson forseti ASÍ tjáði blaðinu að ASÍ hefði farið fram á þessa hækkun þar sem aðrir hópar launþega hefðu fengið hana og benti í því sambandi á opinbera starfsmenn."

ASÍ forystan hefði með öðrum orðum ekki farið fram á þessa hækkun ef aðrir hópar hefðu ekki fengið hana. Hún er nauðug viljug, þetta er andstætt launastefnu hennar og ríkisstjórnarinnar, en hvorir tveggja hafa orðið að gefa eftir vegna baráttu BSRB fólks og krafna launþega yfirleitt.

SAMNINGURINN GILDIR TIL ÁRAMÓTA

Forseti ASÍ sagði nýlega að forsendur samkomulagsins við ríkisstjórnina væru brostnar. Hvers vegna? Sennilega vegna þess, að 4-5% vísitöluhækkun var seld í desember. 3-4% voru afnumin með ólafslögunum svo kölluðu, sem að vísu komu ekki jafnhart niður á öllum strax.

Fyrirhuguð eru bráðabirgðalög, sem fela í sér að launafólk á að borga olíuverðhækkanir fyrir útgerðarmenn með vörugjaldi og öðrum skattaálögum. Auk þess eiga versnandi viðskiptakjör eftir að skerða vísitöluna enn frekar. Samt eru aðeins gerðar kröfur um 3%, sem er þó vissulega skárra en ekki neitt. Hvar er nú "Samningana í gildi?"

HVERS VEGNA SAMÞYKKJA ATVINNUREKENDUR EFTIR AÐEINS KLUKKUSTUNDAR FUND?

Jú, þeir hafa í höndunum vísitölu, sem mælir ekki allar verðhækkanir. Þeir sjá fram á lög, sem taka mestan þungann af vaxandi erfiðleikum þeirra og sennilega hafa þeir í höndunum loforð frá "alþýðustjórninni" um að mega velta hækkunum fljótlega út í verðlagið.

ÓLÍKAR LAUNASTEFNUR

Ljóst er að ASÍ stendur fyrir annarri launastefnu í þessum málum en bæði FFSÍ og BSRB.

FFSÍ heldur baráttunni áfram enn í dag og BSRB gerir kröfur um að ráns-fengnum verði skilað.

Forystumenn ASÍ eru því einir á báti, en hins vegar er ljóst að þau félög innan jafnt sem utan ASÍ sem ekki sætta sig við þessa meðferð, eiga marga samherja.

VERÐA SAMNINGARNIR BORNIR UPP Í FÉLÖGUNUM?

Í BSRB var látin fara fram atkvæðagreiðsla um hvort gefa ætti eftir 3% eða ekki. Aðildarfélögum ASÍ er skylt að boða til félagsfunda um þessa samningagerð. Vitanlega hefði átt að fjalla um það í stéttarfélögunum fyrir þessa samninga, hvaða kröfugerð skyldi borin upp. Hvaða umboð hefur forysta, ASÍ, þegar félagsmenn stéttarfélaganna hafa ekki nokkurn möguleika til að láta álit sitt í ljós hvað þá að þeir séu spurðir á stéttarfélagsfundum? Það gerist oft nú í seinni tíð, að forysta ASÍ og stéttarfélaganna láti undir höfuð leggjast að bera mikilvæg mál undir félagsmenn sína. Það verður því að vera eitt af mikilvægustu verkefnum okkar á næstu vikum að knýja á um að svo verði gert.

Mið-Ameríka: Bandaríkin á undanhaldi

Eins og fram hefur komið í fréttum síðustu vikur riðar einræðisstjórn Somoza í Nicaragua til falls vegna réttlátrar baráttu Sandinista gegn henni. Einræðisstjórn Somoza, sem löngum hefur haft algeran stuðning bandarísku heimsvaldastefnunnar, hefur fengið alla þjóðfélagshópa upp á móti sér (Sjá nánar grein um Sandinista í 20. tbl. Verkalýðsblaðsins 1978). Barátta í Nicaragua snýst ekki einungis um að koma spilltum einræðisherra frá: Hún er uppreisn alþýðu gegn heljartökum bandarísku heimsvaldastefnunnar á landinu. Mið-Ameríka hefur um áratugi verið paradís bandarískra auðhringa, þar sem þeir hafa rænt og drepið, verndaðir af fylgispökum einræðisherrum. En í dag er þetta að breytast: Mið-Ameríka er á barmi uppreisnar og Nicaragua er fyrsta landið sem alvarlega ógnar ítökum Bandaríkjanna. Við skulum skoða ástandið í öðrum ríkjum Mið-Ameríku, frá Guatemala í norðri til Panama í suðri.

Guatemala: Fjöldabarátta gegn stjórn Garcia hershöfðingja vex stöðugt. Í október sl. neyddi allsherjarverkfall ríkisstjórnina til að falla frá 100% hækkun fargjalda með almenningsfarartækjum. Í nóvember mótmæltu nær 61000 manns morði stúdentaleiðtogans Oliviero de Leon. Flestir leiðtogar stjórnarandstöðunnar og verkalýðsleiðtogar hafa verið myrtir eða flæmdir úr landi, en andstaðan við stjórnvöld vex stöðugt.

Belize: Belize, sem áður hét Breska Honduras, er eina núverandi nýlendan í Mið-Ameríku. Bretar hafa ráðið landinu síðan 1788. Stjórnvöld í Guatemala krefjast yfirráða yfir landinu, en meðal alþýðu Belize vex nú sjálfstæðishreyfingu hratt fiskur um hrygg. Skv. fréttum frá landinu er ekki langt að bíða þess að nýlendustjórn Breta líði undi undir lok.

Honduras: Stjórnvöld í landinu hafa gripið til hryðjuverka til að berjast gegn vaxandi ólgu og skæruhernaði, sem ógnar afkomu bandarísku auðhringana sem allt eiga í landinu. Stærsti atvinnurekandi landsins, bandarískí auðhringurinn Castle and Cooke Corporation, hefur kallað herlið inn á plantekrur sínar til að handtaka, pynta og drepa verkalýðsleiðtoga. Andstaða gegn kúguninni vex hröðum skrefum, og skæruliðar hafa unnið stjórnarhernum marga skráveifu.

El Salvador: Í maí sl. hertóku skæruliðar nokkur erlend sendiráð í höfuðborginni San Salvador, og kröfðust frelsis fyrir pólitíska fanga. Romero-stjórnin svaraði með því að skjóta á friðsamar mótmælagöngur í borginni, og féllu 37 manns en fjöldi særðist. Þrátt fyrir herlög, sem hafa verið í gildi frá 23.mái sl. breiðast nú mótmælaaðgerðir gegn stjórninni sem eldur í sinu um landið.

Costa Rica: Landið á í miklum efnahagsörðugleikum, og Alþjóðagjaldeyrissjóðurinn og aðrar stofnanir heimsauðvaldsins hafa sett landinu afarkosti. Viðskiftahalli árið 1978 var 400 milljónir dollara, og verðbólga í landinu er alveg komin úr böndum. Stjórnin hefur sett fram áætlun um "viðnám gegn verðbólgu og eflingu þjóðarhags" sem mætt hefur harðri andspyrnu.

Panama: Eitt mikilvægasta baráttumálið í Panama síðustu árin hefur verið að ná fullum yfirráðum yfir Panamaskurðinum. Bandaríkin voru á síðasta ári neydd til að samþykkja að láta skurðinn í hendur Panama fyrir árið 2000 en í bandaríska þinginu er mikil andstaða gegn samningnum. Stjórnvöld í Panama hafa lýst því yfir, að skurðurinn skuli í hendur landsmanna, hvað sem þingið í Whasington samþykki. Bandaríkin hætta því á opið stríð ef þau ekki standa við gerða samninga.

Eins og fyrr sagði, beinist barátta alþýðu Mið-Ameríku öðrum þræði gegn bandarísku heimsvaldastefnunni, sem rakað hefur saman gróða með arðráni á alþýðu landanna.

Í gegnum árin hafa Bandaríkin ekki hikað við að beita styrk sínum gegn löndum Mið Ameríku, hafi hagsmunum þeirra verið ógnað:

- Bandarískt herlið var í Nicaragua árin 1912-1933 til að hindra að landið losaði sig undan kúgun og arðráni bandarískra auðhringja.
- Bandaríkin hafa enn í dag fjölmennar hersveitir í Panama.
- 1954 kollvarpaði CIA stjórn Jacobo Arbenz í Guatemala, en kom á stjórn sem var Bandaríkjunum leiðitamari.
- CIA setti upp svokallað Varnarráð Mið-Ameríku (CONDECA) til að samhæfa lögreglu- og hernaðaraðgerðir gegn andstæðingum bandarískrar heimsvaldastefnu í heimshlutanum.

En í dag eru breyttir tímar, og bandaríska heimsvaldastefnan á undanhaldi allstaðar. Fjöldamorð á föðurlandsvinum og alþýðusinnum, valdarán og herforingjabyltingar, heyra nú til liðinna sælutíma heimsvaldastefnunnar - svo er fyrir að þakka aukinni baráttu alþýðunnar í Mið-Ameríku. Vegna veikrar stöðu sinnar neyðast Bandaríkin til að grípa til nýrra ráða: Carter útnefnir sig sem blysbera mannréttinda og grætur krókodílatárum yfir mannvonsku einræðisherranna í Mið-Ameríku. En Sandinistar í Nicaragua og öll alþýða Mið-Ameríku veit, að Carter er að reyna að ná tökum á lýðræðisöflunum sem í dag vex fiskur um hrygg - með það eina markmið í huga að verja bandaríska hagsmuni og tryggja áframhaldandi gróða bandaríska einokunarauðvaldsins. Því fordæma and-heimsvaldasinnar falska mannúðarstefnu Carters - en halda áfram baráttunni gegn bandarískri heimsvaldastefnu og leppum hennar í Mið-Ameríku.

Fjallabúðir falla niður

Eins og lesendum er kunnugt um, var áætlunin að fyrstu sumarbúðir Verkalýðsblaðsins yrðu um mánaðarmótin júní-júlí á Hengilssvæðinu. Þegar til koma reyndist þátttaka það lítil að sumarbúðanefnd taldi það ekki forsvaranlegt að halda þær. Ástæðurnar fyrir þessari dræmu þátttöku eru eflaust margar. T.d. hefur mannekla háð undirbúningsstarfi sumarbúðarnefndar, og mistök hafa verið gerð varðandi undirbúning. Einnig má ætla að staðarval og gerð þessara búða hafi ekki höfðað til margra. Verkalýðsblaðið hefur einnig gert mistök varðandi efni sem borist hefur í blaðið frá nefndinni. En síðast en ekki síst virðist áhugaleysi stéttarfélaga fyrir sumarbúðunum vera í algeru lágmarki um þessar mundir. Þrátt fyrir þennan ósigur er engin ástæða til að örvænta. Sumarbúðanefndin vinnur nú að mati á störfum sínum og endurmati á áætlunum fyrir fjölskyldu- og ferðabúðir. Þess vegna er bráðnauðsynlegt að allir þeir sem vilja og geta tekið þátt í undirbúningnum láti heyra í sér. Gagnrýni og nýjar hugmyndir eru að sjálfsögðu vel þegnar. Hafið því samband við Sumarbúðanefnd. (Sjá annars staðar í þessu blaði).

Félagar, lærum af mistökunum og gerum því ferða- og fjölskyldubúðirnar sem veglegastar.

Gerum stéttarfélögin að baráttutækjum

Fulltrúaráðsfundur HÍK:

Kjarabætur!

Hið íslenska kennarafélag er hagsmunasamtök háskólamenntaðra kennara á framhaldsskólastigi. Þann 5. júní var fulltrúaráðsfundur HÍK haldinn í Reykjavík. Yfir 30 fulltrúar ræddu kjaramál og kröfugerð sérsamninga HÍK við ríkið en aðalkjarasamningurinn, sem ákveður kaupupphæð í launaflokkum, verðbætur ofl., fylgir BHM. Í sérkjarasamningi er fjallað m.a. um röðun í launaflokka eftir menntun og starfsreynslu eða aldri og t.d. vinnutíma.

BARÁTTUKRÖFUR

Almennt voru fulltrúarnir andstæðir launafrystingu og samdráttarstefnu ríkisvaldsins. Voru m.a. mótaðar kröfur um tveggja launaflokka hækkun hvers launahóps í HÍK - en algeng kennaralaun eru nú öðru hvoru megin við 300 þús. kr. á mánuði. Þá var krafist lækkunar á kennsluskyldu, þ.e. þess vinnutíma sem fer í kennslu, hlé, undirbúning og meðferð efnis og svarar til 40 stunda vinnuviku. Nú er kennsluskylda 27-29 stundir á viku hérlendis í framhaldsskólum, en 18-22 stundir erlendis. Krafa HÍK er 24 stundir. Einnig er krafist hærri yfirvinnugreiðslu.

Án verkfallsréttar er erfitt fyrir HÍK að fylgja kröfum sínum eftir.

FJÖLDAVIRKNI

Í lögum HÍK er heimild fyrir stofnun svæðafélaga, sem koma eiga í stað kennarafélags hvers skóla, auk trúnaðarmannakerfis. Svæðafélögin kjósa fulltrúa á fulltrúaráðsfundi, en annars eru þeir skipaðir af trúnaðarmönnum. Í vor átti að stofna nokkur svæðafélög. Ekki var nauðsyn þeirra útskýrð né til þeirra boðað með átaki. Fáir mættu á fundina og stjórn HÍK beitti sér gegn stofnuninni á ólýðræðislegum forsendum á svæðafundunum. Allir fulltrúar voru því skipaðir á fulltrúaráðsfundinn. Vera má að hægt sé að réttlæta slíkt einu sinni í upphafi starfs HÍK. En svæðafélögin eru nauðsynlegar grunneiningar og helsta leiðin til að virkja almenna félaga HÍK, sem eru 700-800 talsins. Eitt helsta verkefni kennara í HÍK er að tryggja stofnun svæðafélaganna í haust og virkt trúnaðarmannakerfi. Fréttaritari.

Jafnlaunastefna, launamismunur og orsakir hans

Í seinasta tölublaði Vbl., spyr "láglaunamaður" þriggja spurninga, hvað varðar laun, launamismun og orsakir hans og afstöðu kommúnista til þessa.

Það er gagnlegt, að fá þessar spurningar nú, vegna þess að undanfarið hafa átt sér stað miklar umræður um þessi mál. Verkalýðsforystan, stjórnarflokkarnir og atvinnurekendur hafa keppst við að fordæma "hálaunafólkið", baráttа þess komi niður á láglaunafólkinu. Til þessa hefur sérstaklega verið gripið nú, vegna baráttu farmanna.

Grundvöllur launajöfnunarstefnunnar er kökukenningin svokallaða. Samkvæmt henni er það ákveðinn óbreytanlegur hluti, sem atvinnufyrirtæki geta veitt til launagreiðslna. Afleiðing þessarar kenningar er sú, að baráttan stendur ekki gegn auðvaldinu, heldur milli hinna ýmsu hópa launafólks.

Þetta hefur líka í reynd verið stefna forystu stærstu stéttarfélaganna nú undanfarið. Má þar nefna ályktanir frá Dagsbrún, Iðju, Sókn, Framsókn o.fl.

Við teljum þetta ranga afstöðu. Í kjarabaráttu, eins og t.d. farmanna, stóð málið um að reyna að bæta kjör þeirra og fá ýmsum réttindamálum framgengt á kostnað gróða skipafélaganna. Svo mikill er gróðinn t.d. hjá Eimskip, að félagið getur boðið járnblendifélaginu farmflutninga fyrir aðeins 1/4 þess sem borga þarf fyrir flutning á t.d. mjölfarmi.

Við viljum þess vegna styðja kröfur hópa eins og farmanna og fleiri svipaðra hópa á eftirfarandi forsendum:

1. Barátta þeirra kemur ekki niður á öðru vinnandi fólki.
2. Hún er spurning um að verja eða bæta kjör viðkomandi hópa á kostnað gróða fyrirtækjaeigenda.
3. Yfirleitt vex gróði og þar með arðrán auðfyrirtækjanna mun meira hlutfallslega heldur en kaupmáttur vinnandi fólks.

Er eitthvað réttmæti í þessu?

Mörgum finnst svo ekki vera, finnst lítil sanngirni í því að fyrir erfiðisvinnu fáum við skitin 2oo þúsund meðan aðrir, sem oft eru í hreinlegri og léttari störfum fá tvisvar til þrisvar sinnum meira. Nei þetta er ekki réttlátt. Kommúnistar stefna að því að afnema þennan mun í sósíalismanum. En grundvöllur þessa óréttlætis, er hið óréttláta þjóðfélagskerfi, sem við búum við.

Orsakir launamunarins eru ýmsar og hér verða ekki gefnar tæmandi skýringar. Í fyrsta lagi þarf að benda á að vinnuaflið er vara, sem gengur kaupum og sölum og lútir á margan hátt sömu lögmálum og hver önnur vara. Verðið á þessari vöru markast m.a. af kostnaði við að "framleiða" hana, t.d. menntun. Yfirleitt hefur fólk meiri tekjur eftir því sem skólaganga er lengri.

Verðið miðast einnig við framboð og eftirspurn. Þegar um er að ræða þenslu í þjóðfélaginu, bítast atvinnurekendur um vinnuaflið og borga svo og svo mikið umfram taxta. Sérstaklega á þetta við um ákveðna hópa fyrst og fremst iðnaðarmanna.

Mikilvægi starfsgreinarinnar skiptir þá verulegu máli. Sum störf eru lykilstörf, önnur ekki. Þannig er staða t.d. flugmanna ákaflega sterk. Þeir geta stöðvað mikilvægustu fólksflutningaleiðir innanlands og milli landa og auk þess stöðvað um stundarsakir stórgróða Flugleiðamaffunnar.

Og síðast en ekki síst er það stéttabaráttan, vísvituð barátta verkafólksins til að bæta kjör sín. Í því sambandi skiptir meginmáli þáttir eins og samstaða, góð baráttustefna og hæf forysta.

Launamunur verður afnuminn

Eins og áður segir, stefna kommúnistar að því að afnema þennan launamun. En það getur aðeins gerst á löngum tíma, og forsenda þess er að auðvaldsskipulaginu verði kollvarpað. Í sósíalískum ríkjum gildir sú meginregla, að hver afli eftir framlagðri vinnu. Þess vegna og vegna þess að sósíalískt þjóðfélag ber lengi merki forvera síns, auðvaldsskipulagsins, verður áfram enn um sinn allnokkur launamunur. Svo er t.d. í Alþýðulýðveldinu Kína. Það mun taka langan tíma að breyta afstöðu fólks til jöfnuðar og það tekur ekki síður langan tíma að auka lífsgæðin það mikið, að nóg verði handa öllum.

Þess vegna gildir áðurgreind regla í sósíalismanum. En það þarf hins vegar að vinna stöðugt að því að minnka þennan mun, þar til hann loks hverfur og hver vinnur eftir getu, en aflar eftir þörfum.

Til velunnara Verkalýðsblaðsins

Eins og ykkur er kunnugt um verða fjölskyldubúðirnar um Verslunarmannahelgina. Umsóknarfrestur rennur út 25. júlí, en það þýðir ekki að þátttökutilkynningar megi ekki berast fyrr. Gott er að fá þær sem fyrst. Sendið þátttökutilkynningar strax. Hvetjið einnig vini og kunningja til að koma með á búðirnar. Enginn má liggja á liði sínu.

Sumarbúðanefnd

BSRB:

Kröfugerð í mótun

Gildistími kjarasamninga BSRB rann út þann 1. júlí s.l. Fullmótaðar kröfur hafa enn ekki verið settar fram en þing samtakanna í júní markaði stefnuna í kjaramálum og beindi því til stjórnar og samninganefndar að taka fullt tillit til þeirrar samþykktar, við kröfugerð og samninga.

Þrjár meginkröfur

Lagt er til að meginkröfur samtakanna verði þrjár:

1. Að opinberum starfsmönnum verði bætt sú kjaraskerðing, sem þeir hafa orðið fyrir vegna aðgerða stjórnvalda á samningstímabilinu.
2. Að greiddar verði fullar og óskertar vísitölubætur á laun.
3. Að kaupliðir samningsins verði uppsegjanlegir á samningstímabilinu, ef stjórnvöld raska kaupmætti umsaminna launa.

Varnarbarátta

Samþykkt þingsins einkennist af því að við eigum nú í varnarbaráttu við ríkisvaldið. Með verkfallinu haustið '77 knúðum við fram bætt kjör en náðum hins vegar ekki fram kröfunni um endurskoðunarrétt á samningstímabilinu. Félagar BSRB hafa því orðið að þola a.m.k. 15% skerðingu á umsömdum launum sínum, vegna aðgerða ríkisvaldsins, án þess að fá rönd við reist. Strax þremur mánuðum eftir undirskrift síðustu samninga voru þeir rofnir með skerðingu vísitölubóta. Kröfurnar um fullar vísitölubætur og rétt til að segja upp samningnum eru því mjög mikilvægar.

Krefjumst funda í félögunum

Þing BSRB fól samninganefndinni að kynna félagsmönnum kröfur samtakanna í Ásgarði og með fundum. Félagar í BSRB þurfa einnig að knýja á um að sem fyrst verði haldnir félagsfundir þar sem þessar þrjár meginkröfur, verði ræddar auk annarra atriða sem félagar telja rétt að verði tekin upp í kröfugerð. Mótun kröfugerðar á ekki að vera einkamál forystunnar heldur þarf hún að færast meira í hendur almennra félaga samtakanna.

Andóf gegn hrossakaupum

Ríkisstjórnin mun vafalaust reyna að fá samninganefnd BSRB til að samþykkja að framlengja samningana t.d. til áramóta á sama hátt og ASÍ. Það tók forystumenn ASÍ aðeins klukkustund að ákveða framlengingu fyrir hönd umbjóðenda sinna. Forystu BSRB ætti hins vegar að hafa lærst það að henni mun ekki líðast að "semja" þannig. Félagar BSRB eru reiðubúnir til andófs gegn öllum slíkum hrossakaupum.

Fréttaritari

BHM:

Samningar undirbúnir

Forysta Bandalags háskólamanna og launamálaráð leitaði á sínum tíma eftir takmörkuðum verkfallsrétti gegn eftirgjöf 3% kauphækkunar. Tókust samningar háðir samþykkt ríkisstjórnar og félaga BHM. Efni samninganna var svipað því samkomulagi sem andófsmenn BSRB felldu, en þó með nokkrum viðbótum. Samkomulagið var aldrei borið undir félaga BHM, þar eð ríkisstjórnin hafnaði því eftir ósigur stefnu hennar í BSRB. Óljóst er hvernig farið hefði, en víst að sömu rök gegn kaupum á of takmörkuðum verkfallsrétti giltu í BHM og í BSRB. Gagnrýnisvert er að forysta BHM hafði yfirleitt aðeins samþykki félagsstjórna fyrir kaupsáttastefnu samninganefndarinnar. Launamenn í BHM hafa nú fengið sína umsömdu kauphækkun 1. júní. Þá stendur á launamálaráði og aðildarfélögunum að hafa frumkvæði í samnings- og verkfallsréttarmálunum. Kannanir sýna vilja félaga BHM til verkfallsréttar. Samningar BHM eru lausir í haust og verða kröfur að vera tilbúnar fyrir 1. ágúst. Grunnkaupshækkun, fullar vísitölubætur, og verkfallsréttur eru lykilmálin.

Fréttaritari

STALDRAÐ VIÐ

Bílakaup ráðherra hafa verið mikið rædd í fjölmiðlum að undanförnu. Hafa umræðurnar leitt hugann að hinum ýmsu sporslum og fríðindum, sem æðstu embættismenn landsins fá í sinn hlut. Í samanburði við glæsikerrur ráðherranna í "alþýðustjórninni", þótti blaðamanni Verkalýðsblaðsins það tíðindum sæta, hve einn aðal efnahagssérfræðingur stjórnarinnar sýndi landslýð gott fordæmi með sparnaði og hófsemi í einkaneyslu sinni. Þar sem sá hinn sami sérfræðingur hefur komið fram með tillögur um vísitölumál, sem vafalítið myndu draga verulega úr einkaneyslu launafólks, þótti mér fordæmi hans mjög lofsvert. Maðurinn er Jón Sigurðsson forstjóri Þjóðhagsstofnunnar.



Í Helgarpóstinum 22. júní s.l. var upplýst um bílaeign Jóns: BIFREIÐ: FIAT 128, árgerð 1975. Ódýr og sparneytinn bíll. "Svona eiga efnahagssérfræðingar að vera", hugsaði ég, "Spara í dýrtíðinni og ekki lifa um efni fram á þessum erfiðu tímum". Það vakti hins vegar nokkra undrun mína er ég ók fram hjá nýja húsinu hans Jóns að Selbraut 15 (hann er nefnilega fluttur úr blokkinni) að Fíatinn sást hvergi. Framan við bílskúrana tvo stóð hins vegar glænýr Citroen A CX 2400, árgerð 1979 (verð um 8 milljónir frétti ég seinna). Hvernig stóð nú á þessu? Var Jón búinn að selja nýja húsið og hættur við að flytja? E.t.v. vegna versnandi afkomu þjóðarbúsins?

Spurningarnar sem vöknuðu er ég ók eftir Selbrautinni vildu ekki frá mér hverfa. Ég varð að fá úr þessu skorið. Á skrifstofu Seltjarnarnesskaupstaðar var mér þó tjáð, að ótti minn væri með öllu ástæðulaus. Jón á enn einbýlishúsið við Selbraut. En hver átti þá bílinn? Ekki Jón. Hann á bara gamlan Fíat. Eftir miklar vangaveltur fannst mér sennilegast að einhver úr uppmælingaaðlinum sem ekki veit aura sinna tal ætti bílinn. Svona rétt til að staðfesta grun minn þá hringdi ég í bifreiðaeftirlitið og spurði hver ætti R-65427. En mikil varð undrun mín. Hvorki Jón né neinn úr uppmælingaaðlinum átti bílinn. Eigandinn var Þjóðhagsstofnun, Rauðárstíg 31. Virðing mín og aðdáun á Jóni Sigurðssyni forstjóra Þjóðhagsstofnunnar jókst enn. Ekki einasta kann hann ráð til að leysa sérhvern aðkallandi efnahagsvanda heldur lætur hann sig hafa það að sjá um vörslu á bifreið stofnunarinnar að vinnu lokinni. Og ekki nóg með það heldur er hann líka að byggja sér tvíbreiðan bílskúr til að hann geti hýst bílinn þegar stofnunin þarf ekki á honum að halda!

TILLÖGUR JÓNS UM VÍSITÖLUMÁL

Tillögur Jóns Sigurðssonar í vísitölumálum. Lagðar fram í Vísitölunefnd í febrúar 1979, en Jón var formaður nefndarinnar:

a) Ný vísitölugrunntala 100 verði tekin upp og miðist við nóvembervísitölu 1978. (hefði leitt til 0,7% lækkunar á verðbótum 1. mars s.l.)

b) Breytingar á óbeinum sköttum og gjöldum svo og breytingar á opinberum greiðslum vöruverðs hafi engin áhrif á vísitölu.

c) Draga skal frá hækkun verðbótavísitölu 30% þeirrar hlutfallstölu, sem viðskiptakjararýrnuninni nemur. Upphafsviðmiðun verði annað hvort 2. ársfjórðungur 1978 eða ársmeðaltal 1978. (Sem hefði leitt til lækkunar verðbóta um 1,7-2,4% þann 1. mars s.l.) Batni viðskiptakjör skal fyrri frádráttur falla niður uns viðskiptakjarastigi ársins 1978 er náð að nýju.

d) Fari réttur til verðbóta fram úr 5% hinn 1. júní, 1. sept og 1. des 1979 skal það sem umfram er ekki greitt fyrr en 12 mánuðum síðar.

(heimild:Ásgarður 2tbl.'79)

Verkalýðsblaðið brá sér um borð í nokkur vöruflutningaskip í Reykjavíkurhöfn og ræddi við farmenn um stöðu mála nú eftir að verkfallið hefur verið brotið á bak aftur af samstilltu afli ríkisvalds og atvinnurekenda.

Almennt álit farmanna á lagasetningu ríkisstjórnarinnar er að hún sé forkastanleg með öllu. Það var ekkert slíkt ástand sem réttlætt gat lögþvingun.

SÁTTATILRAUNIR ÁRANGURSLAUSAR

Í greinargerð með bráðabirgðalögunum segir að "sáttatilraunir hafi reynst árangurslausar.." Það er von að enginn árangur verði í sáttatilraunum þegar mótaðili farmanna, VSÍ, þverskallaðist allan tímann við að ræða um það sem deilt var um. Ef eitthvað réttlæti ætti að ríkja, hefði átt að lögþvinga skipaútgerðirnar til að borga farmönnum mannsæmandi kjör á borð við vinnandi fólk í landi. Skaði skipaútgerðanna af verkfallinu virðist ekki vera stór, ef dæma má af tregðu þeirra til að leysa deiluna, en þar var alls enginn vilji VSÍ og útgerðirnar biðu eftir því að þjónar þeirra í ríkisstjórn kaffærðu baráttu farmanna með lagasetningu.

BARÁTTAN HELDUR ÁFRAM

Þetta er ekki í fyrsta sinn að svona er farið með farmenn. Enda þótt allir þeir sem eitthvað þekkja til

Farmenn gleyma ekki kröfum sínum, þótt lög þvingi þá til vinnu

Hvernig er staðan núna eftir að verkfallið hefur verið brotið á bak aftur?

Jónas: Staðan er sú sama og áður. Þetta er ekki nógu gott að fá þetta í hausinn aftur eftir að hafa staðið í verkfalli. Það er alveg eins víst að það verði verkfall aftur eftir að lögin falla úr gildi.

Var það rétt að hlýta lögunum?

Jónas: Það þýddi varla annað - annars hefði bara félagið verið lögsótt. Ættum við kannski að segja upp?

Hvað finnst þér um beitingu bráðabirgðalaga?

Jónas: Ef ekkert verður gert í þessu áfram þá hlýtur það að verða.

Hvernig gengur yfirvinnubannið, eru menn einhuga?

Jónas: Það sem ég veit til þá eru menn einhuga.

Hvað segir þú um málshöfðun VSÍ á FFSÍ?

Jónas: Ég skil ekki í að það sé stætt á því. Það er ekki hægt að skikka okkur til að vinna yfirvinnu. Þetta er líka miklu þægilegra svona fyrir okkur af því að við stoppum alltaf svo stutt. Þetta lengir inniveruna og þá tækifærin á að vera með fjölskyldum og vinum.

Jónas Garðarsson bátsmaður á Goðafossi:

„Það er ekki hægt að skikka okkur til að vinna yfirvinnu“

Jónas: Það er alls ekki í samræmi við orð og yfirlýsingar stjórnarflokkanna þegar þeir fóru í stólana. Það er langt frá því að vera sanngjarnt að beita lögum.

VSÍ talaði ekki við yfirmenn fyrr en langt var liðið á verkfallið.

Bystu við verkfalli eftir áramót?

Þetta er kannski það sem ætti að vera?

Jónas? Kannski, en nýting vinnudaganna verður þá ekki nógu góð, svo að þetta er erfitt í framkvæmd.

Samtíningur

Fréttaskýring....

...Þjóðviljans 16.6.'79 fjallar um "SALT-2 og vígbúnað Bandaríkjanna". Það er þarft verk að fjalla um vígbúnað Bandaríkjanna, því það er jú annað af tveimur risaveldunum. Hvers vegna ekki að fjalla um vígbúnað hins risans, Sovétríkjanna. Það er ekki gert í Þjóðviljanum.

Aðalheimild Þjóðviljans er líka rit þeirra áhangenda Sovétríkjanna, sem segja um þau að þau séu ekki góð, en ekki ill heldur. Þessu ekki góða horfa þessir menn fram hjá og láta sífellt í það skína að Sovétríkin séu þrátt fyrir allt "verkalýðsríki". Þessir menn eru trotskistar og fulltrúi þeirra er nú "fréttaskýrandi" Þjóðviljans.

Í leiðara Þjóðviljans.... ... 6. júní s.l. segir ÁB. "Það hefur verið endurtekið nógu oft, að ríkisstjórn sú sem nú situr varð til vegna þess að verkalýðshreyfingin eða mjög stór hluti hennar vildi að slíkt stjórnarsamstarf yrði reynt." Árni Bergmann er svo víðsýnn og djúpskyggn að auðvelt er fyrir hann að sjá inn í hugskot verkalýðs. A.m.k. er ómögulegt að sjá hvernig hann hefur fengið þessar upplýsingar um vilja verkalýðsöðruvísi. E.t.v. verður ÁB fenginn til þess að útkljá næstu kosningar á þennan sama hátt og þá losnum við alveg við þetta kjörklefastúss allt, sem tekur svo mikinn tíma og kostar svo mikla peninga. ÁB þarf aðeins að líta yfir landið og lýðinn og kíkja inn í hug manna til að sjá hver viljinn er.

Í alvöru - Hvenær hefur verkalýðshreyfingin verið spurð um samsetningu ríkisstjórnarinnar. Er það ekki bara vilji fámennrar forystuklíku verkalýðshreyfingarinnar, sem ÁB er að tala um.

Hvaða hluti verkalýðshreyfingarinnar vildi ekki reyna þetta stjórnarsamstarf Árni Bergmann?

Skrif ÁB eru mikil lítilsvirðing við verkalýð. Eru t.d. Dagsbrúnarmenn hluti af Hreyfingunni Guðmundur J. eða verkamaðurinn í Keflavík hluti af Hreyfingunni Karl Steinar?

Það hefði einhvertíman verið kallað að ljúga, að segja einhvern hafa ákveðinn vilja án þess að sá væri spurður um það hver viljinn sé. Verkalýðshreyfingin hefur aldrei verið spurð. Þar eru varla haldnir fundir til að kanna vilja almennra félaga, en líklega vantar ekki upp á fundi klíkunnar með liðinu hans Ólafs Ragnars til að kanna viljann.

starfa og vinnutilhögunar farmanna sjái að kjör þeirra í víðasta skilningi séu langt fyrir neðan það sem gerist almennt í landi, þá mætti kjarabarátta þeirra litlum skilningi. Það þætti ekki bjóðandi opinberum starfsmanni eða starfsmönnum prívatfyrirtækja, að þeir væru sendir til lengri dvalar fjarri heimili sínu án þess að fá greitt bæði ferðakostnað, uppihald, dagpeninga o.s.frv., helgidagaálag fyrir vinnu á helgidögum o.fl. Þetta eru sjálfsögð kjör, sem launafólk í landi hefur áunnið sér. Farmenn fóru fram á hið sama.

Baráttu farmanna er ekki lokið. Nú stendur yfir yfirvinnubann yfirmanna á farskipum og nær það til Faxaflóahafna og nokkurra annara hafna. Og enda þótt farmenn hafi ekki haldið áfram verkfalli í trássi við lagatilskipunina, þá er það víst að kröfum sínum hafa þeir ekki gleymt þegar lögin renna úr gildi.



Eiríkur Karlsson stýrimaður Álafossi:

„Það er slæm tík, pólitíkin“

Bráðabirgðalög eru nokkuð sérstök aðferð til að leysa vinnudeilur. Hvað finnst þér um þessa aðferð?

Eiríkur: Hana er hægt að nota í neyðarástandi, en slíkt var ekki orðið nú. Þeir notuðu ekki einu sinni allar þær undanþágur sem við gáfum. VSÍ ætlaði svo að vinna skítverkið sjálft, að skapa neyðarástand með verkbanninu.

Hvernig gekk verkfallið?

Eiríkur: Síðastliðin 5 ár höfum við gengið til samninga án verkfallsheimildar. Síðasta verkfall hjá okkur var 1974. Við höfum reynt að ná samningum án þess að til stöðvunar kæmi. Það gerðum við líka núna. Því miður bar verkfallið ekki þann árangur sem til var vænst. Þess vegna voru aðgerðirnar svo harðar núna. Við vildum frá upphafi ná samningum án þess að fara í hart.

Aðferðirnar hafa verið forkastanlegar. Undirmenn voru beittir verkbanni til þess að knýja þá til samninga, en svo var ekki talað við þá í 3 vikur. Það gefur augaleið að þegar þeir sem eiga að borga launin eiga trygga stuðningsmenn í ríkisstjórninni þá grípur ríkisvaldið aðeins inn í á einn veg. Það var bara að bíða eftir því að geta sett bráðabirgðalög.

Bjóstu við verkfalli eftir áramót?

Eiríkur: Ég býst ekki við að þetta verði laust í reipunum þá. En ég veit ekki hve mikið má misbjóða þessari stétt svo að hún gefi þetta ekki frá sér.

Nú var samþykkt á fundi ykkar (morgunfundinum) að hlýta ekki lögum.

Eiríkur: Þetta er erfitt. Það er svo margt sem kemur inn í þetta og eitt af því var pólitíkin. Þó svo að barátta okkar sé utan við alla pólitík og komi ekkert flokkunum við, þá voru sumir sem vildu heldur stjórnina og fylgja henni. Það er slæm tík pólitíkin.

Er ekki einhugur um yfirvinnubannið?

Eiríkur: Jú, ég hef ekki heyrt annað en að það sé. Þetta var samþykkt einróma af öllum einstaklingum.

Hvað finnst þér um þjóðfélag, sem ekki þolir vinnudeilur, þar sem grípa þarf inn í þær af æðstu valdastofnun þess?

Eiríkur: Þetta er ekkert nýtt fyrir okkur. Engin stétt hefur orðið eins fyrir barðinu á þessu og við. Æskilegt hefði verið að þessi lög hefðu komið fyrr, áður en meira tjón var orðið bæði fyrir einstaklinga og fyrirtæki, fyrst þau áttu alltaf að koma.

Þjóðernisminnihlutar í Sovétríkjunum í dag sæta ofsóknum

Nasistar komnir á kreik á Íslandi?

Meðfylgjandi úrklippa er úr Dagblaðinu 27. júní s.l. Þarna er dæmi um það allra soralegasta úr þeim áróðri, sem þyrlað hefur verið upp gegn hugsanlegri komu 50 víetnamskra flóttamanna hingað til lands. Þarna er alið á kynþáttahatri og megnri mannfyrirlitningu. Í tilefni þessarra hugmynda er ekki úr vegi að leggja aðeins niður fyrir sér, hvað kynþáttahatur er og hvað fasismi og nasismi eru.

Kynþáttahatur nasismans og fasismans

Kynþáttahatur og kynþáttafordómar hafa oft skotið upp kollinum í sögu mannkyns. Hrikalegasta og harmsögulegasta dæmið frá síðari tímum er án nokkurs vafa Gyðingahatur og Gyðingaofsóknir nasismans í Þýskalandi á valdatíma Hitlers .

Frá síðari árum er helst að nefna kynþáttakúgun hvítra S-Afríkubúa og Ródesíumanna á svörtum meirihluta þessarra landa.

Framhald Gyðingaofsókna Hitlers fer svo fram í Sovétríkjum nútímans, enda virðast nýnasistar nú vera farnir að mæna aðdáunaraugum á þetta fyrrum virki sósíalismans sbr. blaðagrein í DB. 26. júní s.l. um norska nýnasista.

Hvað er fasismi?

Fasismi eru grimmdarlegustu stjórnarhættir, sem nokkur þjóð getur kynnst. En fasismi er ekki sérstök tegund þjóðskipulags. Aldrei hefur fasismi komist á neins staðar nema peningavaldið hafi staðið að baki. Hitler sagði:"Milljónirnar eru bakhjarl minn" -Ætli hann hafi ekki fullt eins átt við fjármagnsmilljónirnar? Ætli það megi ekki segja að fasismi sé grimmdarlegasta form auðvaldsskipulags?

Nasismi, eitt form fasismans

Nasismi er ein gerð fasísks stórnarfars, nokkurs konar undirtegund þess með sérstaka hugmyndafræði. Í þeirri hugmyndafræði er kynþáttahatrið veigamikill hluti, ásamt stjórnlausum þjóðrembingi, verkalýðshatri og ást á ofurmennsku. Þetta er vert að hafa í huga þegar fjallað er um nasismann. Hann er ekki geðveiki eða brjálæðisstefna, heldur úthugsuð grimmdarleg auðhyggja, valdbeiting og mannfyrirlitning.

Nasismi á Íslandi

Nasismi hefur verið til á Íslandi, sem stefna skipulags hóps. Árið 1933 var stofnuð svonefnd þjóðernishreyfing Íslendinga af afturhaldsmönnum úr Sjálfstæðisflokknum og ungnasistum. Í apríl sama ár réðust þeir með ofbeldi á útifund, sem kommúnistar stóðu fyrir. Í grein Ásgeirs Guðmundssonar sagnfræðings, í Sögu - tímariti Sögufélags Íslands XIV - um nasisma segir svo m.a.:

"Ungir þjóðernissinnar, sem báru hakakrossmerki gerðu aðsúg að fundinum, en Varnarlið verkalýðsins snerist til varnar. Barst leikurinn upp á kolabing rétt hjá Varðarhúsinu og lyktaði róstunum þannig, að Gísli Sigurbjörnsson (Elliheimilisforstjóri athugasemd Vbl.) var sleginn í rot". Árið síðar klofnaði hópurinn í tvennt, en sameinaðist á ný í hreinræktaðan nasískan flokk, Flokk þjóðernissinna. Í bæjarstjórnarkosningunum 1934 fengu þeir 399 atkvæði í Reykjavík. Árið 1936 voru félagar um 300 talsins. Árið 1938 er flokkurinn lagður niður, en nasistar störfuðu áfram í málfundafélagi til 1944, en þá gengu nasistarnir til föðurhúsa sinna í Sjálfstæðisflokknum.

Kæfum nýnasismann í fæðingu!

Nasistar beita ekki pólitískum aðferðum í baráttu sinni heldur lögbrotum og glæpaverkum. Það hefur m.a. sannast á undanförnum misserum í nálægum löndum s.s. Bretlandi og Norðurlöndum. Kynþáttahatursáróður er bannaður með lögum á Íslandi. Því ætti að banna birtingu lesendabréfa á borð við það sem þessarri grein fylgir, svo og þau samtök sem nefnd eru í bréfinu og eru greinilega samtök nasista og kynþáttahatara. Illgresi ber að rífa upp með rótum.

Helstu leiðtogar nasista og fasista í síðari heimstyrjöld ráða ráðum sínum. Frá vinstri: Mussolini,Hitler,Göring,

„Þeir ætla að eyðileggja kynstofninn...“

Helgi skrifar:

Ég er undantekningarlaust algjörlega á móti því að Víetnömum verði hleypt til Íslands. Þessu fólki er engin greiði gerður með því og sá fjöldi sem um er að ræða mun ekki hafa nein áhrif á lausn flóttamannavandamála í heiminum en mundi skapa Íslendingum óbærileg vandamál til frambúðar. Forsendan fyrir því að ég, og ég vona þorri Íslendinga, er á móti því að fólk af kynþáttum óskyldum Íslendingum setjist að á Íslandi er kynþáttahagsmunir íslenzku þjóðarinnar. Án kynþáttar sins verður íslenzk þjóð ekki til og er þetta því spursmál um líf og dauða íslenzku þjóðarinnar.

Íslendingar eru nú blessunarlega svo til lausir við kynþáttavandamál sem eru að kollríða þjóðum allt í kringum okkur. Eflaust verða Íslendingar ekki mjúkhentari en aðrir í þessum efnum, þeir munu eflaust taka á kynþáttavandamáli á Íslandi samkvæmt alvöru þess fyrir þjóð sína, et svo ber til, og vei þeim sem vilja bera ábyrgð á því.

Ég mótmæli atlögu hins danska djöfuls sem í nafni Sameinuðu þjóðanna vill vega svo lúalega að Íslendingum. Ef þessi framkoma sýnir afstöðu Sameinuðu þjóðanna gegn Íslendingum eiga Íslendingar hiklaust að endurskoða þátttöku sína í þeim félagsskap.

Það hefur nú komið gróflega í ljós að innlendir og erlendir alþjóðasinnar og föðurlandssvikarar ætla sér á skipulagðan hátt, að þessu sinni með vesalings flóttamenn að vopni, að eyðileggja íslenzkan kynstofn fyrir fullt og allt. Er því tími til kominn fyrir íslenzka þjóðernissinna að sameinast og búast til varnar. Þjóðernissinnar, sendið nafn, heimilisfang og símanúmer til: **Samtök Íslenzka þjóðernissinna** Pósthólf 4420 Reykjavík. Farið verður með upplýsingarnar sem trúnaðarmál og það verður haft samband við þig.

ÍSLAND ALLT

Lönd vilja sjálfstæði - þjóðir vilja frelsi - alþýðan vill byltingu

Úr erlendum blöðum

8000 Rússar í Afghanistan



Bryndrekar Takari stjórnarinnar, sem voru eyðilagðir í uppreisninni í Afghanistan, eru framleiddir í Sovétríkjunum.

Fjöldi sovéskra "ráðgjafa" og hermanna í Afghanistan hefur nú náð 8000 og mynduð hefur verið loftbrú til að færa stjórninni vopn frá Sovétríkjunum. Meðal hergagna sem Taraki-stjórnin hefur fengið eru 25 herþyrlur, ótal brynbílar og nokkur fjöldi herflutningabíla. Taraki-stjórnin komst til valda í blóðugu valdaráni í apríl á síðasta ári. I des. sl. undirritaði stjórnin vináttusamning við Sovríkin þar sem m.a. var kveðið á um hernaðarsamvinnu. Sovétvilhöll stjórnvöld mættu strax mikilli andstöðu, og í dag ráða vopnaðir hópar stjórnarandstæðinga stórum svæðum í landinu, og skæruhernaður gegn stjórninni fer vaxandi.

International Defence Review, 4, 1979.

Thailand: Víetnömsk stjórnvöld fordæmd

"Víetnam rekur brottrekstrarstefnu á grundvelli kynþáttamisréttis sem minnir á nasistana á tíma síðari heimsstyrjaldarinnar. Ef Hitler hefði kært sig jafn kollóttan um almenningsálitið í heiminum og Lao Dong-flokkurinn í dag (Víetnamski verkamannaflokkurinn), hefði hann náð hinni "endanlegu lausn" á gyðingavandamálinu á mun ódýrari og árangursríkari hátt með því að varpa þeim í lélega báta í stað þess að senda þá í gasklefana í Auschwitz". Þetta voru orð varnarmálaráðherra Thailands, Saiyud Kerdphol, í yfirlýsingu nýlega. Þessi orð sýna, að þolinmæði leiðtoga SA-Asíu er á þrotum, og að æ fleiri líta á brottrekstur fólks af kínversku bergi frá Víetnam sem gyðingaofsóknir okkar tíma.

Klassekampen, nr.139, 1979



Pentagon, höfuðstöðvar bandarísku hersins. - Víða í Bandaríkjunum eru stéttarfélög ekki viðurkennd en her og lögregla vernda verkfallsbrjóta.

Landbúnaðarverkamenn verjast árásum atvinnurekenda

Bandaríkin eru vettvangur margra blóðugustu og mannskæðustu stéttaátaka sem orðið hafa í auðvaldsheiminum. Víða í Bandaríkjunum eru stéttarfélög ekki viðurkennd, en her og lögregla vernda verkfallsbrjóta og ræðst með ofbeldi gegn verkafólki sem rís til baráttu fyrir bættum kjörum. Verst verða minnihlutahópar fyrir barðinu á kúgunaraðgerðum auðherra og lögreglu þeirra. Nýlega geysuðu bardagar í 8 tíma í Salinas í Kaliforniu milli landbúnaðarverkamanna og lögreglu.

Ráðist gegn útbreiðslumönnum UFW

Mánudaginn 11.júní voru 15 óvopnaðir starfsmenn Sameinaðra landbúnaðarverkamanna (United Farm Worker, UFW) á ferð suður af Salinas, í þeim tilgangi að hvetja landbúnaðarverkamenn til að skipuleggja sig í verkalýðsfélag sitt. UFW hefur leitt meira en 20 vikna langt verkfall gegn 6 stærstu framleiðendum salats í héraðinu. Skyndilega urðu þeir fyrir árás leiguþýja atvinnurekenda, sem beittu hnífum og járnstöngum. Eftir mikil átök komust verkamennirnir undan, en 2 þeirra voru mikið særðir, og varð að leggja þá inn á sjúkrahús. Atburðurinn átti sér stað framan við lögreglustöð héraðsins, en lögreglan sá ekki ástæðu til að grípa inn í.

Landbúnaðar verkamenn mótmæla

Strax og fréttir af fyrirsátinni bárust til verkfallsmanna, brutust út harðar gagnráðstafanir. Bílar með verkfallsbrjótum innanborðs voru stöðvaðir á götum, rúður þeirra brotnar og hjólbarðar sprengdir. Á 70 mílna svæði í Salinas-dalnum streymdu landbúnaðarverkamenn útá göturnar, verkfallsvarsla var styrkt og umferð um dalinn stöðvuð. Alls stóðu aðgerðir verkfallsmanna í 8 tíma, og 1400 manns tóku þátt í þeim. Þrátt fyrir að lögreglan kallaði út liðsauka frá nærliggjandi héruðum tókst henni ekki að stöðva aðgerðirnar. Undir kvöld höfðu meira en 100 verkfallsmenn verið handteknir, og 14 lögregluþjónar særst.

Atvinnurekendur áttu sök á ofbeldinu

Talsmaður verkfallsmanna sagði í yfirlýsingu, að hömlulaust ofbeldi atvinnurekenda, beiting einkalögreglu fyrirtækja gegn verkafólki, væri orsök átakanna. Hann benti líka á, að opinber lögregla héraðsins hegðaði sér eins og einkaher atvinnurekenda sem gagnvart verkafólki væri í senn dómari, kviðdómur og böðull.

Landbúnaðarverkamenn í Kaliforniu eru flestir mexikanar eða aðrir minnihlutahópar, og þeir eru undirseldir villimannlegri kúgun. Aðeins síðustu 2 árin hafa 40 manns af spænskum uppruna verið myrt af lögreglunni.

Atburðirnir 11. júní hafa styrkt samstöðu landbúnaðarverkamanna, og aflað málstað þeirra stuðnings víða um Bandaríkin. Talsmaður þeirra sagði að landbúnaðarverkamenn væru ákveðnir í að halda áfram baráttunni fyrir betri launum og vinnuskilyrðum, og gegn kynþáttakúgun og misrétti.

Leiðtogi PAC myrtur

Davíð M. Sibeko, leiðtogi PAC í Azaníu, var myrtur af útsendurum fasistastjórnarinnar í S-Afríku, í Dar es Salaam í Tansaniu 12. júní s.l. Dauði hans er mikill skaði fyrir alþýðu Azaniu (S-Afríku) í baráttu hennar fyrir frelsi.

Sibeko var yfirmaður utanríkistengsla PAC, sendiherra PAC hjá Sameinuðu þjóðunum, og meðlimur æðstu stjórnar PAC. Hann var fertugur að aldri, og lætur eftir sig konu, Elisabetu Sibeko, sem situr í miðstjórn PAC, og fjögur börn.

Davíð Sibeko var virtur baráttumaður, sem tekið hafði þátt í frelsisbaráttu þjóðar sinnar allt frá æsku. Hann var einlægur andheimsvaldasinni, og barðist jafnt gegn heimsvaldastefnu Bandaríkjanna og Sovétríkjanna, en tók ávallt málstað and-heimsvalda- og byltingarbaráttu sem alþýða heimsins heyr. Hann var leiðtogi í þjóðfrelsisstríði azaniumanna, og fór víða til að afla þjóð sinni stuðnings og kynna málstað hennar.

Verkalýðsblaðið og EIK(m-l) fordæma morðið á Sibeko, Málstaður sá er hann helgaði líf sitt mun vissulega sigra.

Úr erlendum blöðum

Grænland: Aussivik-79

Í júlí í ár safnaðist hundruð grænlendinga til Aussivik-ráðstefnunnar, fjórða árið í röð. Viðfangsefni ráðstefnunnar eru baráttan fyrir þjóðlegu sjálfstæði og óháði, og baráttan til varnar grænlenskri menningu. Það eru stjórnmálasamtökin Inuit Atagatigit sem boða til ráðstefnunnar, en í ár er öllum stjórnmálasamtökum í Grænlandi boðið að taka þátt. Markmiðið er að auka breiddina í sjálfstæðisbaráttunni. Aussivik 79 getur orðið mikilvægt skref í þá átt að styrkja baráttuna fyrir frjálsu Grænlandi.

Klassekampen, nr. 139, 1979

Sovétríkin: KGB sundrar neðajarðarsamtökum

Andstöðuhópur, sem starfaði leynilega í Leníngrad var afhjúpaður af rússnesku leynilögreglunni KGB í ágúst 1978. Það var rithöfundurinn Netjajev, sem nýlega yfirgaf Sovétríkin, sem skýrði frá þessu.

Hópurinn, sem samanstóð af mörg hundruð námsmönnum, gagnrýndi Brésnef-stjórnina frá vinstri, og hafnaði leið kapitalisma en hvatti til lýðræðisbyltingar í Sovétríkjunum. 2 leiðtogar hópsins hafa verið leiddir fyrir dómstóla: Arkadij Tsurkov, fyrrverandi nemi í sögu og Alexander Skubov, ákærðir fyrir að hafa ritstýrt neðanjarðartímaritinu Perspektiv í Leníngrad.

KGB tókst að sundra hópnum áður en hann breiddist út til annarra hluta landsins, en það var markmið hópsins. 5.desember s.l. voru um 200 ungmenni handtekin og færð til yfirheyrslu eftir samúðar aðgerðir á Kazan-torgi í Leníngrad.

Gnistan, nr. 22, 1979.

Olíu...

Framhald af forsíðu.

vinnslunni út af N-Noregi. Hvað eftir annað hafa komið upp raddir um olíuleit á landgrunni Íslands. Tveir leiðangrar hafa verið gerðir í þeim tilgangi að leita að olíu. Eftir því sem Verkalýðsblaðið veit best gáfu þessar athuganir jákvæðar niðurstöður.

Flugleiðir..

Framhald af forsíðu.

liggja einnig þræðir flestra íslenskra stórfyrirtækja s.s. Eimskips og SÍS. Hérlendis hafa armar þess gripið inn í æ fleiri þætti. Það er orðið einn stærsti aðilinn í hótelrekstri(nú er fyrirhuguð veruleg stækkun á Hótel Esju), það rekur bílaleigu, og á hlut í ýmsum fyrirtækjum. Erlendis hefur veldi þess aukist enn frekar. Gróðavænlegar leiðir hérlendis eru takmarkaðar og því hefur verið lögð æ meiri áhersla á fjármagnsútflutning.Það á meirihluta eða a.m.k. verulegan hlut í 3-4 erlendum flugfélögum og stundar hótelrekstur. Samhliða uppsögnunum ber lítið á samdrætti á þeim vígstöðvum, enda sjálfsagt meiri gróðalykt þar en hér. Gífurlegar fjárfestingar Flugleiða undanfarin ár hafa borið merki um góðan hag þess. Á þeim tíma gat fyrirtækið notið krafta starfsliðsins við útþenslu fyrirtækisins. Nú, þegar syrtir í álinn er þessu sama fólki kastað á guð og gaddinn. Vinnandi fólk verður að gera þá kröfu til Flugleiða og hluthafa þess, að það leysi úr erfiðleikunum á annan hátt en með því að ráðast á lífsundirstöðu fólks og einn helgasta rétt þess, réttinn til vinnu. - Starfsmenn Flugleiða þarf að efla til baráttu, fá almenna samstöðu gegn uppsögnunum. Það verður að krefja forystu stéttarfélaga viðkomandi starfsmanna um að þau gagnist fyrir baráttu gegn þessum árásum, eða veiti henni a.m.k. stuðning. Stærstur hluti þessa fólks er í V.R. Formaður V.R. er Guðmundur H.Garðarsson, blaðafulltrúi SH og þingmaður með meiru. Með hann í forystu horfir ekki vel fyrir þessa félagsmenn V.R. Eða er þess að vænta, að blaðafulltrúi eins öflugasta einokunarhringsins, sem þar að auki er sjálfsagt tengdur Flugleiðum, gangist fyrir mikilli baráttu ?

Skerfur lesenda

Er Maó guð — eru allar kröfur réttlátar?

Ágæta Verkalýðsblað

Skoðanir EIK(m-l) falla í mörgum atriðum að mínum. Þess vegna kaupi ég Verkalýðsblaðið. Það er þó tvennt í skrifum blaðsins, sem mér þykir gagnrýnisvert umfram annað.

MAÓ OG KÍNA

Í fyrsta lagi er að nefna skrif blaðsins um Kína og þá einkum það, sem frá Maó formanni er komið. Af blaðinu má álíta, að Maó sé alvitur, nánast guð í fræðunum. Hafi Maó sagt eitthvað þá er það rétt. Vera má, að kunnáttuleysi mitt í fræðunum valdi skoðun minni, en ég trúi að um fleiri lesendur sé líkt farið.

Þá má einnig benda á það, að varla nema sumt af kenningum Maós hentar beinlínis hér, ef nokkuð, vegna gjörólíkra aðstæðna. Hér er engin hungursneyð, eins og var í Kína. Og jafnvel Mogginn viðurkennir, að þar hafi gerst kraftaverk, þótt hann sleppi því að geta þess, hvers vegna ekki er hungur í Kína.

Þess vegna hlýtur að þurfa frekari greiningu og útfærslu á því, sem Maó og forverar hans sögðu, gerðu og létu framkvæma í sínum löndum (Hvað t.d. um Tíbet?). Það getur ekki verið, að baráttuaðferð og stjórnlist Maós henti hérlendis án gaumgæfilegrar athugunar.

ALLAR KRÖFUR STUDDAR

Hitt atriðið er það, að þið styðjið alla, sem krefjast einhvers. Allt er réttlátt eða hvað? Nei, ekki alveg. Flugmenn fengu litla, ef nokkra samúð ykkar, en allir aðrir sem gera kröfur til hærri launa eða aukinna fríðinda.

Minningarhöll um Maó formann í Peking.

Einhvern veginn finnst mér yfirmenn á farskipum hafa haft nóg. A.m.k. ef miðað er við laun þorra vinnandi fólks. Og háskólalærðir menn eða hliðstætt lærðir, þeim má benda á eitt, nefnlega: Hverjir bera kostnaðinn af náminu? Hvað hefur það kostað að koma skólakerfinu upp, og hverjir greiddu? Er til of mikils mælst að menntamenn taki tillit til þessa og virði þá kröfu láglaunastétta, að launajöfnuður verði meiri. Að sjálfsögðu án þess að gengið sé á rétt nokkurs.

Lesandi og stuðningsmaður
(örlítið stytt)

NOTUM MAÓ RÉTT SKERÐUM GRÓÐA AUÐVALDSINS!

Ágæti lesandi og stuðningsmaður.

Bréf þitt kemur inn á mörg og flókin atriði. Sum þeirra hafa verið rædd í blaðinu nýlega, t.d. kjör farmanna, og of langt mál yrði að endurtaka það allt hér. En við viljum taka aðeins fyrir nokkur atriði.

Það er rétt hjá þér, að tilvitnanir okkar í Maó (og aðra sígilda höfunda marxismans) séu stundum þannig, að halda mætti, að við lítum á hann sem einhvern guð. Það er einnig rétt hjá þér, að baráttuaðferð og stjórnlist Maós verði ekki notuð hérlendis án gaumgæfilegrar athugunar. Þú hefur rétt fyrir þér, þegar þú segir að skýringar vanti í blaðið á ýmsum gerðum kínverskra kommúnista. Allt þetta viljum við gjarnan bæta, og gagnrýni þín heldur okkur við efnið. En það er ekki rétt, að aðstæður í Kína og hér séu svo frábrugðnar, að ekkert megi nota úr kenningum Maós. Hér er barátta milli tveggja höfuðstétta eins og þar. Hér berjumst við gegn heimsvaldastefnu erlendra ríkja eins og þeir. Heimurinn hefur því miður engum stakkaskiptum tekið til hins betra, frá því Maó lifði og hét. Þess vegna þurfum við ekki að óttast það, að kenningar hans falli úr gildi. Við höfum kannski ofnotað orð hans, en verra væri ef við tækjum ekkert eða of lítið mark á honum. Þá værum við verr sett. Þá værum við kannski komin á sömu braut og forysta Alþýðubandalagsins, sem tekur ekki mark á öðru en eigin hugdettum og firrum.

Hitt málið sem þú minnist á er yfirgripsmeira, jafnlaunastefnan. Um hana er sérstök grein í blaðinu.

Svar við lesendabréfi

Í 12. tbl. er bréf frá "Lesenda". Hann telur ritstjórn ekki haga sér í samræmi við raunveruleikann, þegar hún hvetur verkafólk til að neita að virða verkbann og taka upp framleiðslustörf í þeim mæli, sem tök eru á".. Sennilega er þetta rétt gagnrýni og fyrst og fremst vegna þess að verkalýðsbaráttan hefur ekki tekið út þann þroska, að svona aðgerðir séu mögulegar. Ástandið er jú þannig að stéttasamvinnan ræður flestum stéttarfélögunum og virkni á vinnustöðum sáralítil, enn sem komið er. Hins vegar er rangt að útiloka, að nokkurn tíma geti komið til aðgerða sem þessarra, en forsenda þess er harðari stéttabarátta og meiri styrkur baráttustefnunar. Ritnefnd.

Svar við bréfi

Fyrir skömmu spurði lesandi hvort ekki hefði verið rangt að EIK(m-l) lýsti ákveðinni afstöðu strax til innrásar Kína í Víetnam í febrúar s.l. Bréf lesanda birtist í 11. tbl.

Því er til að svara að það eru ekki til neinar reglur eða hefðir í þessum efnum. Innrásin var afar stórvægilegur atburður, EIK(m-l) þurftu að taka afstöðu til hennar fljótt þannig að félagar, stuðningsmenn og aðrir færu ekki í grafgötur með slíkt. Það var framkvæmdanefnd miðstjórnar sem mótaði afstöðuna, en ekki allir félagar EIK(m-l). Lýðræðislegt miðstjórnarvald (skipulag okkar) leyfir hvort tveggja en gerir samtímis ráð fyrir að samtökin geti leiðrétt framkvæmdanefndina eða meirihlutaálit ef umræður og reynslan krefjast þess. Til þess kom ekki að þessu sinni. Og ég vil taka það fram að framkvæmdanefndin mótaði afstöðu sína eftir fréttum og yfirlýsingum aðilanna, sjálfstætt og upp á eigin spýtur, þegar daginn eftir að innrásin hófst. Því var alls ekki um það að ræða að farið væri eftir forskrift Kínverja (eða annarra).

Ari T. Guðmundsson

„Treystum á Sovétríkin“ segir Einar Karl Haraldsson

Þjóðviljanum er jafn auðvelt að þjóna falska alþýðuríkinu í austri í olíumálum og í öðrum málum. Burt séð frá mannréttindamálum er auðhyggja og fasismi Sovétríkjanna flekklítill á þeim bænum. Í Þjóðviljanum 13. júní fjallar Einar Karl um olíukreppuna, ekki alveg glætulaust.

Það er hverju orði sannara að hún á sér helst upptök í sölustefnu olíusamsteypanna en ekki verðhækkunum löngu kúgaðra 3. heims ríkja. En Einar sneiðir að þessu snyrtilega framhjá Sovétríkunum, stærsta olíuframleiðanda heims. Kjörorð hans er: Treystum á Sovétríkin.

"BRÆÐRARÍKIN" BLÓÐMJÓLKUÐ

Eftir að auðstétt varð til og náði völdum í Sovétríkjunum höfu þau kapphlaupið við olíuauðhringina um arð og markaði. Smám saman endurnýjuðu Sovétríkin alla samninga við önnur ríki. Hagkvæm viðskipti þeirra við Comecon-ríkin urðu að hreinu arðráni. Annars vegar var verðviðmiðuninni breytt og hins vegar var greiðslu ýmist krafist í gjaldeyri eða fullunninni iðnaðarvöru og landbúnaðarvöru. Í stað samningsbundins verðs kom viðmiðun við "fljótandi" markaðsprísa. Og Sovétríkin tilkynntu hinum olíulausu "bræðraríkjum" að Sovétríkin gætu ekki annað eftirspurninni. Skýringin er sú að Sovétríkin velja heldur viðskipti á þessu sviði við velborgandi auðvaldslönd en mergsogin "bræðralönd". Við 3. heims lönd beita Sovétmenn sömu aðferðum og Comecon. Sovétríkin hafa því ástundað svipað gróðabrask með olíu og Bandaríkin sem Einar sér í gegnum 20 ára gömul kaldastríðsgleraugu.



ÍSLAND SOMULEIÐIS

Olíuverslun Íslands við Sovétríkin hefur einnig breyst í samræmi við öfugþróun hinna sósíalísku Sovétríkja fyrri tíma. Árið 1954 gerði ísl. ríkisstjórnin sína fyrstu olíusamninga við Sovétríkin. Gagnbyltingin hafði í raun þegar hafist, en áhrifa hennar gætti hægt og smám saman. Olíuverslunin var á formi vöruskipta . Skyldi vera fullt jafnræði með aðilunum og á hvorugan hallað, án skuldasöfnunnar. Verðmiðunin var hagstæð og fylgdi aðeins sveiflum í grunnverði olíunnar. Ár frá ári tók Sovétstjórnin að greiða, samningsbundið að vísu, lægri upphæð fyrir heildar innflutning frá Íslandi en sem nam olíuinnflutningi frá Sovétríkjunum. Á árum Geirsstjórnarinnar voru skuldir landsins við Sovétmenn orðnar rúml. 10 milljarðar kr á þáverandi verðlagi (u.þ.b. 1/6 af fjárlögum ríkisins). Þetta notaði Sovétstjórnin sér og þvingaði fram a.m.k. 2 mikilvægar breytingar. Tekið var upp staðgreiðslu- eða lánagreiðslukerfi í gjaldeyri í öllum millirík javiðskiptunu og olíuverð skyldi miðað við Rotterdam, en sá "frjálsi" markaður gaf best verð í "olíukreppunni". Skuldunum var breytt í lán.

Það þýðir lítið fyrir Einar Karl og kó að benda vestur eða gera grín að úreltri Rússagrýlu Morgunblaðsins til að hvítþvo Sovétríkin. Staðreyndirnar tala.

VERKALÝÐSBLAÐIÐ

Málgagn Einingarsamtaka kommúnista (marx-leninista)

Gerist áskrifendur
Áskrift greiðist á
giró 12200-9

ÁBM: ALBERT EINARSSON
1 árs áskrift: kr. 3000
1/2 árs áskrift: kr. 1750
Til útlanda: kr. 5500
Stuðningsáskrift: kr. 5000
ÓÐINSGÖTU 30 Pósthólf 5186,
Reykjavík, sími: 29212

Landsbókasafnið
v/ Hverfisgötu
101 Reykjavík

Jan Mayen-málið

Miðlínan er yfirleitt réttmæt

EIK(m-l) leggja áherslu á að styðja réttindi strandríkja til 200 sjómílna fiskveiði - og efnahagslögsögu. Í baráttu minni auðvaldsríkja og 3.heimsins gegn t.d. forystu EBE og þó sérstaklega gegn risaveldunum tveimur hafa ríkisstjórnir orðið að verjast fjölmörgum tilraunum voldugustu arðræningjanna til að grafa undan réttindunum. Sovétríkin hafa m.a. gengið harðast fram í að teygja rányrkju sína



Já við útfærslu — nei við miðlínu

(sem heitir "úthafsveiðar") inn á 200 mílna svæði annarra þjóða og reynt að flækja vandamálin í kringum auðæfi hafsbotnsins.

Risaveldin og reyndar nokkur önnur ríki hafa brotið gegn reglu Genfarráðstefnunnar um miðlínuskiptingu, sé minna en 200 sjómílur milli landa. Er skemmst að minnast er Sovétríkin beinlínis tóku sér yfirráðarétt Noregsmegin við miðlínu á Barentshafi, með tilheyrandi rányrkju.

Ólík sjónarmið

11. og 12. júní s.l. hittust fulltrúar Íslands og Noregs til að ræða útfærslu 200 mílna lögsögu við Jan Mayen og miðlínu milli hennar og Íslands. Miðlínan sker um 25.000 - 30.000 ferk.m. stórt svæði af núverandi 200 mílna lögsögu Íslands.

Í maí s.l. voru samþykkt lög frá Alþingi er kveða á um 12 mílna landhelgi og óskoraða 200 mílna fiskveiði - og efnahagslögsögu við landið. Á grunni þeirra laga hefur ríkisstjórnin nú markað þá afstöðu að hafna allri miðlínuskiptingu milli Jan Mayen og Íslands, þótt hún muni gilda milli Grænlands, Íslands og Færeyja. Er þessi afstaða byggð á þeirri staðhæfingu stjórnarflokkanna að Noregur eigi ekki rétt til útfærslu við Jan Mayen - undir hana tekur líka Sjálfstæðisflokkurinn. Norska ríkisstjórnin er vís með að standa á kröfu um miðlínu og ákvörðuninni um útfærslu við Jan Mayen. Ólíkt þeirri íslensku hefur sú norska samþykktir hagsmunaaðila að baki sér. Stefnir því í deilumál.

Hafréttarlög teygjanleg

Íslenska ríkisstjórnin bendir á að Jan Mayen sé óbyggð og ekki sjálfstæð efnahagseining. Á bak við þetta skín í áhuga íslensku auðstéttarinnar á gjöfulum loðnumiðum og útgerðar. Nú er þess hins vegar að gæta að Jan Mayen er óumdeilanlega norskt land, bundið Noregi sögulegum og efnahagslegum böndum. Það er óhugsandi að Íslensk stjórnvöld geti teygt lögsögu sína til eyjarinnar eins og Benedikt Gröndal sagði í Oslo í krafti þess að hún standi á íslensku landgrunni! Að auki er eyjan og miðin umhverfis hana hluti af sjávar - og landlægum auðlindum Noregs, þótt hún sé aðeins byggð rannsóknarmönnum að staðaldri. Norðmenn eru þeir einu sem hafa nýtt auðlindirnar í langan aldur. Útfærsla lögsögu um eyjar tengdar þjóðríkjum landfræðilega, efnahags - og sögulega brýtur ekki í bága við alþjóðarétt.

Alþýðuhagur komi fyrst

Erlend (og að hluta innlend) rányrkja í sjó við N-Noreg ógnar mjög afkomu fólks þar. Sovétmenn eru stórtækastir ræningjanna. Og hingað til hafa íslensk skip hirt stærstan hluta loðnustofnsins sem heldur sig hluta úr ári við Jan Mayen, eftir að loðnan nálgast landið.

Það er norskri alþýðu brýnt hagsmunamál að hafa 200 mílna lögsögu umhverfis Noreg, Svalbarða og Jan Mayen. Því er siðferðileg skylda okkar sú að styðja kröfur hennar, en um leið er það íslenskur alþýðuhagur að hafna miðlínuskiptingu á þeirri forsendu að óskert 200 mílna lögsaga við Ísland sé okkur nauðsyn. Norsk alþýða myndi vafalaust fallast á slík rök. Kommúnistar beggja landanna, EIK(m-l) og AKP(m-l) í Noregi mótuðu þessa afstöðu fyrstir allra samtaka í löndunum í júní 1978. Það er ekki vanþörf á því að fleiri taki undir.

Málflutningur íslensku ríkisstjórnarinnar er rangur og óvilhollur Noregi. Auðstéttir landanna bítast ýmist á eða semja, allt eftir hagsmunavon, en bera alþýðuhag fyrir borð. Norska stjórnin á ýmislegt í pokahorninu svo sem stóriðjutilboð, olíusamninga o.fl. sem gæti fengið viðsemjenduna til að skipta um skoðun.

Athuga — semd

Vegna viðtals við mig og greinar í 10. tbl. um kór MH vil ég gera nokkrar athugasemdir.

Það er ekki rétt eftir mér haft að rúmur helmingur kórsins séu andstæðingar Ísraelsríkis eins og lesa má út úr greininni. Þegar syngja átti fyrir Ísraelsvinafélagið voru nokkrir sem neituðu vegna einarðrar andstöðu við Ísraelsríki, sumir til þess að verða ekki kallaðir Ísraelsvinir og þó nokkrir sungu ekki þar sem þeir voru ekki skyldugir til þess, en það kemur hvergi fram í umræddri grein. Þessi hópur tók enga afstöðu til Ísraelsríkis, en þið gerið hann að andstæðingum Ísraels.

Þetta leiðréttist hér með.

Arnór Sigfússon.

Hagnast einhverjir á hækkandi olíuverði?

Vinstri stjórnin svokallaða samdi um það við rakkana sína í efstu forystu ASÍ og BSRB, að hækkanir á olíu og öðrum innfluttum vörum skerði aður umsamdar vísitölubætur.

Einungis var tekinn ákveðinn hluti af aflahlut sjómanna að þeim forspurðum og fenginn útgerðinni í hendur, svo gróði hennar skerðist sem minnst af völdum hækkaðs olíuverðs. Sjómaður nokkur benti á það í Dagblaðinu, að útgerðin gæti mætt olíuverðshækkunum með því að draga úr olíueyðslu skipanna, en á hann var ekki hlustað á æðri stöðum. Og nýjasta ráðið er svo aukin skattheimta.

Afkoma íslenskra alþýðuheimila hefur farið versnandi undanfarið eins og flestir hljóta að hafa séð. Á sama tíma hefur afkoma flestra stærri fyrirtækja verið dágóð. Þrátt fyrir það eiga heimilin að bera meginþunga olíuverðshækkananna. Sérð þú eitthvað réttlæti í þessu, lesandi góður?

En þar með er ekki öll sagan sögð. Ríkið og olíufélögin munu nefnilega stórgræða á olíuhækkuninni. Báðir þessir aðilar fá vissar prósentur af bensín - og olíuverði og þær ekki svo fáar. Ef olíuverð tvöfaldast á þessu ári, þá tvöfaldast einnig tekjur þessara aðila. Var einhver að tala um stjórn vinnandi stétta? Kannske EIK(m-l) hafi þrátt fyrir allt haft rétt fyrir sér í síðustu kosninguabaráttu þegar þau ráðlögðu fólki að skila auðu, því það væri sami rassinn undir öllum þingflokkunum?

Hér er líkami konunnar boðinn á hálfvirði.

Lögreglan gegn klámi?

Við höfum veitt því athygli, að lögreglan hefur undanfarið haft uppi tilburði til að gera upptæk soralegustu klámritin, sem hér eru gefin út. Við höfðum samband við Arnar Guðmundsson, deildarstjóra hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, en fengum heldur klén svör. Þó fengum við það upplýst, að rannsókn lögreglunnar er einungis bundin við tvö þessarra tímarita, sem bæði eru gefin út af sama útgefanda. Aðspurður kvað Arnar ekki standa til neina frekari rannsókn eða aðgerðir gegn klámi í verslunum, t.d. ætti ekki að kanna þau erlendu klámrit, sem hér eru seld.

Arnar sagði að hér væri mjög erfitt um vik, vegna mjög óljósra ákvæða í lögum og reglugerðum, og einnig væri þróunin sú bæði hér og erlendis, að slakað væri á kröfunum. En hann kvaðst sammála því áliti, að yfirvöld fylgdust ekki nægilega vel með þessum málum. Undir það tökum við fúslega. Það þarf ekki annað en líta í tímaritahillur allflestra bókaverslana (t.d. hjá Máli og menningu) til að sannfærast um það. Áhrif klámrita eru ýmis og öll slæm. Þau eru lítillækkun á líkama konunnar og viðhalda og skerpa þá röngu mynd, að konan sé aðeins kynvera, bólleikfang karlmanna. Auk þess koma þau inn, einkum hjá unglingum, ýmsum ranghugmyndum um kynlíf. Gegn þessum ritum þarf að heyja óvægna baráttu, fyrr en síðar.